

Nd.

338. Breytingartillaga

[162. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnaði íbúða o. fl.

Frá Gunnlaugi Finnssyni.

Á eftir orðunum „svo og um aðra framkvæmd“ í 1. gr. bætist: Einnig skal á tímabilinu 1. mars 1975 til 29. febr. 1976 leggja 20% aukagjald á gjaldskrár hitaveitna og skal því á sama hátt varið til að draga úr áhrifum verðhækkunar á olíu til hitunar íbúðarhúsnæðis, þar til jöfnuði er náð miðað við rafhitun. Afganginum skal ráðstafað samkvæmt c-lið 2. greinar. Gjald þetta skal undanskilið við útreikning á kaupgjaldsvísitölu.